

Könnunarleikurinn

Í könnunarleik læra börnin að nota ólíka hluti á margvíslegan hátt; fylla og tæma, setja saman, velja og hafna, finna hvað er líkt og ólíkt, stafla hlutum og láta þá halda jafnvægi, stundum tekst það, stundum ekki, en alltaf er stefnt að settu marki. Til að börnin lendi ekki í óþarfa árekstum þarf að vera nóg af viðfangsefnum og gott rými. Hlutir sem notaðir eru í könnunarleik færa ungum börnum þá reynslu að möguleikar hluta eru óþrjótandi. Þau læra frá unga aldri að það er hægt að fara margar ólíkar leiðir að sama markmiðinu.

Mikil áhersla er lögð á að starfsmaðurinn eða kennarinn skipti sér ekki af leik barnanna nema nauðsyn beri til, t.d. ef barn fer að henda hlutum og trufla hin börnin.

Frágangur er mikilvægur í könnunarleik og með þolinmæði og rólegu andrúmslofti skilja jafnvel yngstu börnin hvað þarf að gera. Það getur verið mjög gaman að taka saman og markar ákveðin verklok bæði hjá fullorðnum og börnum. Á meðan á leiknum stendur talar hinn fullorðni ekki að fyrra bragði nema tilefni gefist, s.s. til að skakka leikinn eða örva einstaklinga til dáða, en í tiltektinni nefnir hann hlutina sem hann vill að barnið taki saman og eykur á þann hátt við orðaforða og málskilning barnsins. Með því að nefna hlutinn tengir barnið saman orð og hlut. Í leiknum hafa börnin kynnst eðli hvers hlutar í gegnum skilningarvitin þannig að nafn hlutarins fær raunverulega merkingu.

Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga í könnunarleikjastundum

- ☀ Á svæðinu, sem notað er, mega ekki vera önnur leikföng eða annað sem truflar leikinn.
- ☀ 2. Best er að hafa teppi á gólfinu; það er hljóðlátara og skemmtilegra fyrir börnin að sitja á teppi.
- ☀ 3. Starfsmaðurinn þarf að hafa þægilegan stól til að hann geti fylgst með í rólegheitum
- ☀ 4. Svæðið þarf að skipuleggja vel til að koma í veg fyrir að börnin fari í einn hnapp.
- ☀ 5. Til að koma í veg fyrir að börnin rífast um dótið þurfa að vera um 50 (6-10) hlutir í hverjum poka. Gott er að byrja með 15-20 tegundir af hlutum og hafa hverja tegund í sínum poka. Best er að hengja pokana upp og setja dósirnar hillu fyrir ofan.
- ☀ 6. Einn fullorðinn getur haft umsjón með fjögurra til átta barna hópi (4-6) og ákveðið hve marga poka hann vill nota og með hvaða hlutum í.
- ☀ 7. Þrjár dósir nægja hverju barni í hópnum. Þær eiga alltaf að vera til staðar.

- ☀ 8. Fullorðni starfsmaðurinn situr þegjandi þegar börnin koma inn á leiksvæðið. Það þarf ekki að stýra börnunum eða hvetja þau til að velja það sem þau vilja nota.
- ☀ 9. Gott er að hafa stóran pappakassa við höndina ef eitthvert barnið fer að sparka í hluti eða henda þeim. Þá getur starfsmaðurinn fengið barnið til að leggja hlutinn í kassann í stað þess að kasta honum og beina orkunni þannig í ákveðnari farveg.
- ☀ 10. Þegar nauðsyn krefur ætti fullorðni starfsmaðurinn að umræða dótinu svo að lítið beri á, til að gera svæðið meira aðlaðandi.

Tillögur að hlutum í safnið

Það er mikilvægt að safna töluverðu magni af dósunum og hlutum og koma þeim vel fyrir áður en hafist er handa.

Dósir af öllum stærðum - Öskjur úr pappa eða tré - Plastflöskur Ullardúskar - Pappahólkar af ýmsum stærðum - Keðjur af ýmsum stærðum og gerðum - Hálsfestar- Eldhúsrúllustandur - Hringir (t.d. gardínuhringir, plastarmbönd) - Korktappar - Tréhöldur (hnúðar) - Hár rúllur Plaströr - Tvinnakefli - Þvottaklemmur (gamaldags án gorma) - Lyklar - Tunguspaðar úr tré.

Framkvæmd

Starfsmaður og börn velja þá poka sem ætlunin er að nota. Farið með allt sem nota á þangað sem leikurinn fer fram og börnin setjast niður.

Starfsmaðurinn kemur efniviðnum fyrir á tilteknu svæði og bíður börnunum að hefja leikinn. Könnunarleikjastund getur staðið í allt að 45 mínútur en þriðjung af tímanum þarf að nota til að taka saman. Tíminn, sem varið er í tiltekt, er jafnmikilvægur þeim sem fer í leik, er í raun framlenging á leiknum. Það ætti ekki að draga tiltektina of lengi því að þá verða börnin of þreytt og hinn fullorðni þarf að taka saman dótið. Gott er að byrja á að safna dósunum saman og síðan hinu sem fara á í pokana. Efnivið skilað á sinn stað.